



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Klambrar

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	5
1 Greinargerð leikskólastjóra	6
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	7
2.1.1 Stjórnun	7
2.1.2 Uppeldis og menntastarf	8
2.1.3 Leikskólabragur.....	9
2.1.4 Innra mat	10
2.1.5 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar	10
2.2 Ytra mat.....	13
2.2.1 Viðhorfskönnun starfsfólks leikskóla.....	13
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	16
3.1.1 Stjórnun	16
3.1.2 Uppeldis og menntastarf	17
3.1.3 Leikskólabragur.....	18
3.1.4 Innra mat	18
3.1.5 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar	18
4 Innra mat deilda	20
4.1 Hlið	20
4.1.1 Umbótaþættir.....	20
4.1.2 Leikskólabragur.....	21
4.1.3 Innra mat á starfi	21
4.2 Holt.....	23
4.2.1 Umbótaþættir.....	23
	2



4.2.2	Leikskólabragur.....	25
4.2.3	Innra mat á starfi	25
4.3	Tún og Teigur	27
4.3.1	Umbótaþættir.....	27
4.3.2	Leikskólabragur.....	29
4.3.3	Innra mat á starfi	29
4.4	Dalur.....	31
4.4.1	Umbótaþættir.....	31
4.4.2	Leikskólabragur.....	32
4.4.3	Innra mat á starfi	33
4.5	Endurmat tónlistakennara	35
4.5.1	Virkni í verkefnavinnu.....	35
4.5.2	Virkni og verkleg færni.....	36
5	Innra mat sérkennslu.....	39
5.1	Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025	40
5.2	Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.....	41
5.3	Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2023-2024.....	42
5.4	Umbótaráætlun – Fjöltyngi 2024-2025.....	42
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	44
6.1	Starfsþróunarsamtöl	44
6.2	Starfsdagar	44
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	46
7.1	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	46
7.2	Foreldrasamvinna	46



8	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	48
9	Fylgiskjöl	50
9.1	Starfsáætlun Hlíð og Holt	50
9.2	Starfsáætlun Tún og Teigur	53
9.3	Áherslur í myndlist fyrir næst skólaár	55
9.4	Skipulag vegna tónlistarkennslu	57
10	Fylgiskjal	61
10.1	Um starfsáætlanir leikskóla	62
10.2	Umsögn Foreldraráðs 2024.....	64



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans

Starfsgleði og jákvæðni

Við sköpum börnunum gleðiríkt umhverfi þar sem þau finna starfsgleði sína í leiknum. Kennarar skuldbinda sig til þess að vinna að því af heilum hug að björtu hliðarnar ráði ríkjum til þess að nám barnanna verði þroskandi, gefandi og skemmtilegt.

Gagnrýnin og skapandi hugsun

Við bjóðum börnunum upp á leikefni sem gefur þeim tækifæri til þess að njóta meðfæddra hæfileika sinna til þess að skapa leikinn sjálf. Því er lítið um hefðbundin leikföng sem fela í sér fyrir fram gefnar lausnir.

Öryggi og traust

Umhverfi leikskólans er skapað þannig að börnin finni til öryggis. Einstaklingurinn fær að njóta sín innan hópsins og kennarinn fylgist grannt með þörfum og líðan hvers barns. Gagnkvæm virðing og traust ríkir á milli heimilis og skóla.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2023-2024 hefur verið frekar rólegt og tíðindalítið skólaár. Við höfum skólaárið á aðlögunum og vorum við að aðlaga börn fram í apríl þar sem mikið var um flutninga barna á árinu. Við höfum verið að vinna markvisst með tónlistina og myndlistina á öllum deildum auk þess sem við höfum lagt áherslu á vináttuna og samskiptin.

Það voru ýmis verkefni sem leikskólinn tók þátt í á síðastliðnu skólaári eins og Barnameningarhátíð þar sem elstu börnin sungu í Hörpu ásamt leikskólabörnum af Höfuðborgarsvæðinu. Tveir nemar frá Háskóla Íslands komu í starfsnám á vorönn. Nemendur úr Háteigskóla komu þrisvar í viku í leikskólavali sem er á vegum Háteigsskóla. Við vorum einnig í samstarfsverkefni með Tækniskólanum þar sem nemendur þaðan komu í heimsókn einu sinni í viku í 6 vikur, í þeim tilgangi að æfa sig í Íslensku. Í vor fengum við svo nema í talmeinafræði frá Háskóla Íslands sem var með okkur í 4 vikur. Það var mikill fengur af því samstarfi þar sem við fengum margar góðar ábendingar varðandi hvað væri gott og hvað mætti betur fara hjá okkur varðandi málörvunarþáttinn í leikskólanum.

Þetta skólaár hefur verið mun rólegra en fyrri skólaár og þá má kannski helst benda á að loksins sé að færast yfir ákveðin ró eftir fyrri ár þar sem við glímdum við heimsfaraldur. Næsta skólaár verður þó sennilega með öðru sniði þar sem við sjáum fram á ákveðnar breytingar, þar sem leikskólinn er að stækka auk þess sem húsnæði leikskólans verður endurnýjað. Meðan á helstu framkvæmdum stendur mun starfsemin færast yfir í Safamýri, en starfsfólk hefur nú þegar farið og skoðað þær starfsaðstæður sem munu taka á móti okkur þar.

Í leikskólanum Klömburum höfum við reynt að halda uppi jákvæðri orku og gera okkur dagamun við hvert tækifæri og munum við halda því áfram, þar sem uppbot gera lífið alltaf áhugaverðara. Fyrstu ár barna eru mikilvæg og er það hagur okkar allra að hlúa að komandi kynslóð. Tölum jákvætt um skólastarf, finnum leiðir þegar upp koma verkefni og reynum að njóta líðandi stundar. Stígum inn í næsta skólár með jákvæðnina að leiðarljósi.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat leikskólastjóra

2.1.1 Stjórnun

Upplýsingar: Að ná betri tókum á upplýsingaflæði.

Tækifæri til umbóta: Með markvissari fundum.

Ábyrgð: leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: skriflegt endurmat í janúar auk vefkönnunar í maí.

Viðmið um árangur: er að starfsfólki finnist gott upplýsingaflæði á vinnustaðnum sínum

Hvernig gekk: Að mörgu leiti hefur gengið betur að koma upplýsingum til skila. Brugðist var við ábendingum frá starfsfólki að kynna þyrfti betur umræðuefni af deildastjórafundum.

Stjórnendur fengu einnig ábendingu um að ekki væri heppilegt að nýta Facebook síðu starfsmannahópsins til að koma upplýsingum áleiðis. Reynt var að færa upplýsingar yfir á Workplace en það reyndist árangurlítið þar sem starfsfólk virtist ekki skoða tilkynningar á Workplace.

Fundir: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig gekk: Sett var upp tafla með fyrirhuguðum fundum innan vikunnar, deildarfundum fyrir allar deildar, stjórnendafund, stöðufund, fagfund og fundir fyrir sérkennslu. Ákveðið var að halda fundi þrátt fyrir veikindi ef þau kæmu upp. Það sem flækti fundardagskránna voru



styttingarnar. Erfitt er að koma við fundum þegar starfsfólk er á rúllandi styttingum. Það vantar alltaf einhvern. En að öðru leiti þá gekk ágætlega að hafa fund, þ.e. vikulega stjórnenda fundi og stöðufund. Erfiðara var að koma deildafundunum við þar sem oft var ekki mannað auk þess sem styttingar, nám starfsmanna og veikindi höfðu áhrif á fyrir fram ákveðin fundartíma.

Skipulag: Að festa skipulag fyrir undirbúninginn og fundi

Tækifæri til umbóta: Að allt skipulag liggja fyrir að hausti

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Viðmið um árangur felst í ánægju starfsmanna með skipulagið.

Hvernig gekk: Lagt var upp með að undirbúningstímar væru ákveðnir fyrir fram af deildastjórum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem komu frá starfsfólki þá var mjög mismunandi milli deilda hvernig þetta gekk og þurftu deildastjórar að aðlaga planið vegna flutning starfsmanna milli deilda og vegna rúllandi styttinga starfsmanna.

2.1.2 Uppeldis og menntastarf

Aukinn áhersla á elstu börnin: Að elstu börnin fái fleiri námstækifæri

Tækifæri til umbóta: Gert verður sér svæði fyrir elstu börnin

Ábyrgð: Deildastjóri Dals og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og maí einnig verður verkefnið metið í gegnum foreldrasamtöl. Samtal með elstu börnum eftir áramót

Viðmið um árangur: Viðmið er að það skapist meiri vinnufriður og fleiri námstækifæri fyrir elstu börnin



Hvernig gekk: Þetta verkefni hefur gengið ágætlega, elstu börnin í leikskólanum síðasta skólaár voru um 12. Hópurinn var mjög margbreytilegur, bæði voru börn með stuðning í barnahópnum auk þess sem helmingur barnanna var að byrja að læra Íslensku. Fimm þeirra komu til landsins 2023. Eins og fram hefur komið þá gekk verkefni ágætlega en þó var stundum erfitt að nýta rímið vegna utanaðkomandi truflunar úr matsal leikskólans. Tekin hefur verið ákvörðun að breyta til á næsta skólaári. Elsti árgangur verður inni á Teig í ljósi samsetningar og aldursdreifingar barnahópsins og Dalur verður lagður niður í þeirri mynd sem hann er núna. Áfram verður unnið á sama hátt með elstu börnin. Með því að fara í ferðir og mynda aðstæður innan leikskólans til að elstu börnin hafi fleiri námstækifæri.

Verkefnastjóri fjölmenningar

Tækifæri til umbóta: Gera kennslu fyrir börn með íslensku sem annað mál markvissari

Ábyrgð: Sérkennslustjóri og verkefnastjóri fjölmenningar

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat á verkefninu í janúar og maí.

Viðmið um árangur: Viðmið er að börn með íslensku sem annað tungumál nái að aðlagast umhverfinu í leikskólanum

Hvernig hefur þetta gengið: Skólaárið 2023-2024 höfum við ekki verið með formlegan verkefnastjóra fjölmenningar. Tekin hefur verið ákvörðun að næsta skólaár munum við þó fara af stað með þetta hlutverk innan leikskólans, en búið er að ræða við starfsmann um að taka þetta hlutverk að sér. Unnið hefur verið inngildingumarkvisst inni á deildum með það í huga að öll börn séu þátttakendur í starfsinu og hafi tækifæri á að hafa áhrif á starfið.

2.1.3 Leikskólabragur

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum



Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Hvernig hefur gengið: Þetta verkefni er svolítið áhugavert verkefni þar sem það fléttast inn í daglegt starf. Unnið hefur verið eftir þessari hugmyndafræði ómeðvitað á öllum deildum leikskólans.

2.1.4 Innra mat

Starfsáætlun 2023-2024: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar

Tímalengd: undir lok skólaárs 2024.

Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2024-2025.

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfsstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum.

Hvernig hefur gengið: Mikið hefur verið rætt um það innan veggja skólans af starfsfólki um það hvernig sé hægt að vekja almenna athygli á því fjölbreytta leikskólastarfi sem á sér stað á Klömbrum. Starfsmenn eru almennt stoltir af skólanum sínum og leggja metnað í að gera vel og að ræða hvernig megi gera betur.

2.1.5 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar

Uppbyggingarstefnan uppeldi til ábyrgða.



Viðmið um árangur voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börn og fullorðna í samskiptum.

Eins og áður hefur komið fram þá er ómeðvitað verið að vinna að þessari hugmyndafræði í gegnum allt starf í leikskólanum. Gaman væri þó að sjá hugmyndafræðina sýnilegri í gegnum verkefni sem hægt er að vinna í tengslum við uppbyggingarstefnuna. Sá þáttur sem við höfum mest verið að vinna eftir er hegðunarpátturinn og þá sérstakleg ábyrgð einstaklingsins á eigin hegðun.

Þróunarverkefni í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar

Viðmið fyrir sjálfsefningu voru að börnin öðlist aukið sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd.

Viðmið vegna félagsfærni voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börnin í samskiptum og í framhaldi lausnarleit í samskiptum við hvort annað.

Farið var yfir gátlista menntastefnunnar, flest er að fullu komið til framkvæmda. Það er aðeins eitt atriði sem má bæta hjá okkur en það kemur inn í heilbrigðan lífsstíl og vellíðan, en skólanámskrá leikskólans hefur ekki verið skrifað um það hvernig unnið er að því að efla heilbrigði markvisst auk þess sem leikskólinn hefur ekki tekið þátt í þróunarverkefnum sem tengjast heilbrigði barna. Þó svo leikskólinn leggi ekki neina sérstaka áherslu á heilbrigði, þá er hins vegar mikið verið að vinna með hreyfingu auk þess sem mikil áhersla er lögð á að borða hollt og hlusta á líkaman.

Vináttuverkefni Blær

Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.

Unnið er með Blæ markvisst á öllum deildum auk þess sem tónlistarkennari hefur verið að vinna með Blæ lag í hverjum mánuði með börnunum í leikskólanum.

Gæðamálörvun í daglegu starfi

Viðmið að börnin nái betri tókum á íslenskri tungu.



Unnið er markvisst á öllum deildum með málörvun, í gegnum samverustundir, leikinn og í daglegum athöfnum. Sumar deildir notast skipulagt við Gefðu 10 aðrar deildir eru með loðtöflusögur og svo eru börn líka að fara í séstakar vinnustundir þar sem verið er að leggja inn orðaforða.

Lubbi

Viðmið að þjálfá íslensk málhjóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

Á hverju ári er rúllað yfir málhjóðin, eitt hljóð er tekið fyrir í viku og taka allar deildir þátt í því. Foreldrar fá upplýsingar um hvaða hljóð sé verið að taka fyrir svo foreldrar fá einnig tækifæri á að taka þátt í verkefninu.

Tákn með tali

Viðmið að tákn með tali verði notað á öllum deildum af starfsfólki.

Tákn með tali hefur verið í notkun á deildum af því starfsfólki sem hefur lært tákn með tali, einnig fór starfsmaður af Holti á námskeið í maí. Það er stefna leikskólans að halda áfram að þjálfa starfafólk og börn í notkun á tákn með tali.

Tónlist, myndlist, hreyfing og upplýsingatækni.

Viðmið um árangur að öll börn leikskólans fái kennslu og örvun tengdum ólíkum verkefnum sem tengjast þema hvers tímabils.

Í vetur höfum við verið með tónlistarkennara og núna í janúar sneri myndlistakennarinn okkar aftur úr fæðingarorlofi. Kennararnir eru með skipulagða dagskrá fyrir hverja viku sem hægt er að finna í fylgiskjölum. Mismunandi er hve mikið þau eru á hverri deild en meiri



áhersla er lögð á eldri börnin. Yngri börnin fá myndlist einn morgun í viku fyrir hádegi og einn morgun í tónlist fyrir hádegi. Reynt er að leggja áherslu á faglegt starf fyrir hádegi fyrir yngri börnin og frjálsa leikinn eftir hádegi. Eldir börnin fá samfelldari kennslu en reynt er að miða við að þau hafi tónlista kennara einn dag í viku og myndlista kennara annan dag.

Ytra mat

2.2 Ytra mat

Í fyrri starfsáætlun var lagt upp með að gera könnun meðal starfsmanna á líðan í vinnunni. Með það að markmiðið að fylgjast með starfsánægju með það að leiðarljósi að draga megi úr veikindum með betri starfsánægju.


Á vormánuðum var sett inn á starfsmannavef á Facebook hlekkur á nafnlausu könnun þar sem starfsmenn voru spurðir út í líðan á vinnustað og starfsanda. Auk þess var gefið tækifæri á að koma athugasemdum á framfæri.

2.2.1 Viðhorfskönnun starfsfólks leikskóla

Í nóvember sl. var viðhorfskönnunin Stofnun ársins lögð fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og sá Gallup um framkvæmdina. Stofnun ársins er mikilvægt verkfæri fyrir stjórnendur og starfsfólk til að eiga samtál um starfsumhverfi, stjórnun og líðan á vinnustað með það að markmiði að efla vinnustaðinn enn frekar. Leikskólinn Klambrar kom vel út úr þessari könnun og eru hér birtar tvær myndir af niðurstöðum. Þess má geta að kvarðinn er frá einum upp í fimm.




Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðva á sama sviði




Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

Leikskólinn Klambrar

Hæstu 5



Lægstu 5



Athugið að hér er eingöngu um að ræða spurningar sem eru hluti af þáttunum sem tilheyra Stofnun ársins. Aðrar spurningar geta því verið með hærri eða lægri einkunnir.



Eins og sjá má þá virðist starfsfólk leikskólans Klambra vera ánægt með þann sveigjanleika sem það hefur í vinnunni, það upplifir að það geti farið með litlum fyrirvara. Starfsfólkið er á heildina ánægt í starfi sínu, því finnst það geta leitað til næsta yfirmanns og virðist semja almennt vel við samstarfsfólk sitt.

Þau atriði sem fá lægstu einkunn eru atriði eins og óánægja með launakjör, hljóðvist og loftgæði.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Innra mat

Haldið verður áfram með að meta svipaða þætti næsta skólaár, þetta eru þættir sem snúa að stjórnun, uppeldis- og menntastarfi, leikskólabrag og innra mati. Leitast verður eftir því að efla starfið í skólanum samhliða þessum umbótum.

3.1.1 Stjórnun

Upplýsingar: Að ná betri tókum á upplýsingaflæði.

Tækifæri til umbóta: Með markvissari fundum.

Ábyrgð: leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025

Hvernig og hvenær er metið: skriflegt endurmat í janúar auk vefkönnunar í maí.

Viðmið um árangur: er að starfsfólki finnist gott upplýsingaflæði á vinnustaðnum sínum

Fundir: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Skipulag: Að festa skipulag fyrir undirbúninginn og fundi

Tækifæri til umbóta: Að allt skipulag liggi fyrir að hausti

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Viðmið um árangur fellst í ánægju starfamanna með skipulagið.



3.1.2 Uppeldis og menntastarf

Aukinn áhersla á elstu börnin: Að elstu börnin fái fleiri námstækifæri

Tækifæri til umbóta: Að elstu börnunum þyki gaman í leikskólanum sínum.

Ábyrgð: Deildastjóri Dals og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og maí einnig verður verkefnið metið í gegnum foreldrasamtöl. Samtal með elstu börnum eftir áramót

Viðmið um árangur: Viðmið er að það skapist meiri vinnufriður og fleiri námstækifæri fyrir elstu börnin

Endurskipulagning starfs á Tún og Teig

Tækifæri til umbóta er að valdefla starfsfólk og auka námstækifæri barna.

Tímalengd: vor 2024

Viðmið um árangur: Viðmið er að starfsfólk upplifi að það hafi betri tök á barnahópnum, að starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir verkefni dagsins og að börn upplifi meiri aðhald í gegnum daginn.

Verkefnastjóri fjölmenningar

Tækifæri til umbóta: Gera kennslu fyrir börn með íslensku sem annað mál markvissari

Ábyrgð: Sérkennslustjóri og verkefnastjóri fjölmenningar

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat á verkefninu í janúar og maí.

Viðmið um árangur: Viðmið er að börn með íslensku sem annað tungumál nái að aðlagast umhverfinu í leikskólanum



3.1.3 Leikskólabragur

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

3.1.4 Innra mat

Starfsáætlun 2023-2024: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar

Tímalengd: undir lok skólaárs 2024.

Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2024-2025.

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfsstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum.

3.1.5 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar

Uppbyggingarstefnan uppeldi til ábyrgða.

Viðmið um árangur voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börn og fullorðna í samskiptum.

Matstofa Klambra

Viðmið að öll börn og starfsfólk upplifi jákvæða stund þegar kemur að matmálstímum.



Þróunarverkefni í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar

Viðmið fyrir sjálfsefningu voru að börnin öðlist aukið sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd.

Viðmið vegna félagsfærni voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börnin í samskiptum og í framhaldi lausnarleit í samskiptum við hvort annað.

Vináttuverkefni Blær

Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.

Gæðamálörvun í daglegu starfi

Viðmið að börnin nái betri tókum á íslenskri tungu

Tákn með tali

Viðmið að starfsfólk hafi kynnt sér tákn með tali og nýti táknin í matartíma og starfinu inni á deildum.

Lubbi

Viðmið að þjálfarar íslensk málhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

Tónlist, myndlist, hreyfing og upplýsingatækni.

Viðmið um árangur að öll börn leikskólans fái kennslu og örvun tengdum ólíkum verkefnum sem tengjast þema hvers tímabils.



4 Innra mat deilda

4.1 Hlíð

4.1.1 Umbótaþættir

Stjórnun

Upplýsingar: Að ná betri tókum á upplýsingaflæði.

Tækifæri til umbóta: með markvissari fundum.

Ábyrgð: leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: skriflegt endurmat í janúar auk vefkönnunar í maí.

Viðmið um árangur: er að starfsfólki finnist gott upplýsingaflæði á vinnustaðnum sínum

Hvernig hefur þetta gengið: **já hefur gengið vel má alltaf gera betur.**

Fundir

Fundir: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig hefur þetta gengið: **Ef staðan er góð í húsinu þá hefur það gengið en þarf stundum að fresta.**

Skipulag

Skipulag: Að festa skipulag fyrir undirbúninginn og fundi

Tækifæri til umbóta: Að allt skipulag liggi fyrir að hausti

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri



Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Viðmið um árangur fellst í ánægju starfsmanna með skipulagið.

Hvernig hefur þetta gengið: **Hefur ekki gengið nógu vel , þarf að fara yfir og skipuleggja betur.**

4.1.2 Leikskólabragur

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Hvernig hefur þetta gengið: **Samskiptin inn á deild hafa gengið mjög og við vinnum mjög vel saman. Og samskipti við aðra starfsmenn hafa gengið vel.**

4.1.3 Innra mat á starfi

Starfsáætlun 2023-2024: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar

Tímalengd: undir lok skólaárs 2023.

Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2023-2024

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum

Hvernig hefur þetta gengið: **Starfsmenn á Hlíð eru stoltir af starfinu sem fer fram á deildinni.**



Blær

Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.

Alessandro tónlistarkennari er oft með börnin í Blæ stund þegar hann er inn á deild. Þá eru þau að syngja Blæ lög og gera verkefni og eru með sinn Blæ bangsa. Blæbangsarnir eru í hæð barnanna og geta náð í þá þegar þau vilja. Stundum sofa sum börnin með bangsana.

Gæðamálörvun í daglegu starfi.

Viðmið að börnin nái betri tókum á íslenskri tungu.

Við erum að vinna eftir því.

Lubbi.

Viðmið að þjálfari íslensk málhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

Það eru Lubba stundir tvisvar í viku þar sem er horft á video á youtube fyrir málhljóð vikunnar til að læra hreyfingar við lagið og lagið sungið. Einnig hlustað reglulega á lubba lagið yfir vikuna. Öll börnin eiga Lubba bein upp á vegg og eru mjög áhugasöm um þau. Á Lubba beinum er mynd af barninu, stafur barnsins og tákn stafsins.

Stafur og orð vinunnar er skrifað á töflu upp á vegg. Og mynd teiknuð af orði vikunnar og talað um myndina við börnin.

Tónlist.

Alessandro tónlistarkennari er inn á Hlíð á miðvikudögum frá klukkan 08:00-12:00 og á þriðjudögum frá 15:00-16:00. Hann er með allskonar tónlistarverkefni og söngstundir fyrir



börnin mjög flott og gengur mjög vel. Við hlustum mikið á tónlist inn á deild og syngjum líka mikið. Blæ og Lubba tónlist og aðra tónlist.

Myndlist.

Signý myndlistarkennari er á Hlíð á mánudögum frá kl 08:00-12:00. Hún er með fjölbreytt verkefni fyrir börnin og gengur mjög vel.

Hreyfing.

Það er yoga stund á hverjum degi fyrir hádegismat. Þá er deildarstjóri með 7 yoga stöður sem er alltaf farið í sömu röð og börnin læra rútnuna. Börnunum finnst þetta gaman og eru dugleg að taka þátt. Við höfum helst verið að fara út seinni partinn en þurfum að bæta við meiri útiveru. Höfum aðeins verið með íþróttastundir og mikið hlustað á tónlist og dansað. Börnin eru oft í ærslaleik inn á deild þar sem þau skemmta sér konunglega.

4.2 Holt

4.2.1 Umbótaþættir

Stjórnun

Upplýsingar: Að ná betri tókum á upplýsingaflæði.

Tækifæri til umbóta: með markvissari fundum.

Ábyrgð: leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: skriflegt endurmat í janúar auk vefkönnunar í maí.

Viðmið um árangur: er að starfsfólki finnst gott upplýsingaflæði á vinnustaðnum sínum

Hvernig hefur þetta gengið: Það var bæting á upplýsingaflæði og ánægja með út prentaðar fundargerðir eftir fundi á upplýsingatöflu. Mikilvægar upplýsingar sem settar eru inn í Facebook hóp eiga það til að fara fram hjá starfsmönnum. Að okkar mati ættu mikilvægar upplýsingar einnig að vera miðlaðar til starfsmanna gegnum tölvupóst hvort sem það er persónuleg netföng starfsmanna eða vinnu netföng.



Fundir

Fundir: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig hefur þetta gengið: Það hefur verið erfitt, í upphafi skólaárs gekk ágætlega en þegar leið á skólaárið fór að lengjast á milli funda og sjaldnar gekk að halda fundi á tilsettum tímum.

Skipulag

Skipulag: Að festa skipulag fyrir undirbúninginn og fundi

Tækifæri til umbóta: Að allt skipulag liggi fyrir að hausti

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Viðmið um árangur fellst í ánægju starfamanna með skipulagið.

Hvernig hefur þetta gengið: Deildin hefur ekki haft skipulagðan undir búningstíma í haust en mjög vel hefur gengið á vorönn 2024 að senda starfsmenn í undirbúning. Starfsmenn eru ánægð með þetta frjálsglega skipulag undirbúningstíma. Á Holti er dagskipulag fyrir hvern dag vikunnar þar sem hver starfsmaður hefur ákveðin verkefni og ábyrgð sem hann þarf að uppfylla. Nýlega tók Holt í gagnið vikuskipulag sem segir til um hugmyndir hvaða verkefni eða leikur eigi að vera hvaða vikudag.



4.2.2 Leikskólabragur

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Hvernig hefur þetta gengið: Samskipti milli starfsmanna á Holti hafa verið góð og uppbyggileg. Starfsfólki á Holti má leggja sig fram við að hrósa börnum meira og eiga í jákvæðum samskiptum við börnin.

4.2.3 Innra mat á starfi

Starfsáætlun 2023-2024: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar

Tímalengd: undir lok skólaárs 2023.

Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2023-2024

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum

Hvernig hefur þetta gengið: Starfsfólk á Holti telur að leikskólinn Klambrar sé ekki eftirsóttur vinnustaður, til þess þurfi áframhaldandi vinnu til að bæta

Blær

Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.



Mat: Holt hefur ekki unnið markvisst með Blæ, starfsfólki þykir Blær ágætis verkfæri. Holt hefur lært nýja söngva úr Blæ í hverjum mánuði í vetur og hefur lesið nokkrar sögur um blæ og líka bækurnar um lífsgildi.

Gæðamálörvun í daglegu starfi.

Viðmið að börnin nái betri tókum á íslenskri tungu.

Mat: Á vorönn 2024 hefur málörvun gegnið vel og er starfsfólk á Holti ánægt með þá vinnu sem á sér stað með málörvun. Það er mikið farið í hópastarf, á hverjum degi er bók lesin fyrir börnin og þau börn sem þurfa aukin stuðning í málörvun er leitast eftir að fara með í vinnustund á hverjum degi.

Lubbi.

Viðmið að þjálfa íslensk máhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

Mat: Veturinn 2023-2024 hefur Holt notað Lubba í samverustundum. Lubbi kemur í heimsókn og bókin er skoðuð en ekki er alltaf lesin sagan fyrir hvert málhjóð og ekki er alltaf hlustað á lubbalag vikunnar. Í hverri viku eru skoðaðar út prentaðar myndir af hlutum sem byrja á málhjóði vikunnar. Myndirnar eru svo hengdar upp þar sem börnin sjá þær á hverjum degi. Hvert og eitt barn á Lubba bein með nafninu þeirra og stundum eru þau með beinin sín í lubbastund. Auk þess hefur Holt verið með Lubba verkefni á Vorönn 2024 í hópastarfi. Starfsfólk er almennt ánægt með starfið með Lubba.

Tónlist.

Mat: Á Holti er sungið á hverjum degi og hlustað á tónlist. Börnin læra ný lög í hverri viku eða annara hverri viku. Við höfum spilað á hljóðfæri og farið í tónlistarverkefni með Alessandro.



Starfsfólk vill fara í fleiri tónlistarleiki með börnunum. Í upphafi skólaárs gekk vel að skipuleggja hvaða lög átti að syngja og æfa þau en þegar leið á fór deildin að æfa ný lög á miðvikudegi sem var svo sungið á vinafundi á föstudegi. Tillaga að úrbótum væri að deildin byrjaði að syngja ný lög á miðvikudögum með Alessandro og þau lög væru svo sungin á vinafundi föstudeginum í vikunni á eftir.

Myndlist.

Mat: í vetur hafa verkefnin verið fjölbreytt í myndlist bæði með Lubba, litaskrímslinu og fleira.

Hreyfing.

Mat: Á föstudögum höfum við verið með hopp og skopp. Starfsfólki langar að nota dýnur og orma, bolta meira. Starfsfólk vill líka fara í fleiri göngutúra en á skólaárinu 2023-2024.

4.3 Tún og Teigur

4.3.1 Umbótaþættir

Stjórnun

Upplýsingar: Að ná betri tókum á upplýsingaflæði.

Tækifæri til umbóta: með markvissari fundum.

Ábyrgð: leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: skriflegt endurmat í janúar auk vefkönnunar í maí.

Viðmið um árangur: er að starfsfólki finnist gott upplýsingaflæði á vinnustaðnum sínum

Hvernig hefur þetta gengið:



Upplýsingaflæði hefur verið allt í lagi. Hefur oft farið fram á Facebook, óvissa um hvort að umræður/upplýsingar eigi að fara fram á Workplace. Starfsfólk vill að það sé ákveðin ein leið valin.

Hvíta taflan frammi ekki alltaf uppfærð. Slæmt að ekki sé hægt að treysta á að upplýsingar séu áreiðanlegar.

Nýtt starfsfólk hefur fær ekki nægan stuðning þegar það hefur störf, varðandi stefnu leikskóla, kynningu á starfinu, réttindi og almennar upplýsingar. Læra að fara inn á tölvurnar (tölvupóst, vinnustund, Torgið o.s.frv..) með yfirmanni.

Fundir

Fundir: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig hefur þetta gengið:

Deildafundir hafa ekki verið nógu tíðir. Oft hefur fundum verið frestað vegna manneklu.

Mættu vera oftar.

Skipulag

Skipulag: Að festa skipulag fyrir undirbúninginn og fundi

Tækifæri til umbóta: Að allt skipulag liggi fyrir að hausti

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.



Viðmið um árangur: Viðmið um árangur fellst í ánægju starfamanna með skipulagið.

Hvernig hefur þetta gengið:

Hefur gengið upp og ofan að komast í undirbúning. Kemur í tímabilum hvort starfsmenn komast frá deildinni. Tillaga að umbótum að hafa skráningarblað þar sem starfsmenn skrái þegar þeir fari í undirbúning.

4.3.2 Leikskólabragur

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Hvernig hefur þetta gengið:

Mjög góður andi meðal starfsmanna. Tekið vel á móti öllum. Starfsmenn taka eftir því að sum börn eigi erfitt með að koma á leikskólann og að þau finni fyrir kvíða.

4.3.3 Innra mat á starfi

Starfsáætlun 2023-2024: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar

Tímalengd: undir lok skólaárs 2023.

Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2023-2024



Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfsstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum

Hvernig hefur þetta gengið:

Tillaga að umbótum: Að hafa einn stað fyrir heildarskráningar. Þar sem hægt væri að skrá hvort búið er að merkja við málörvun, ferilmöppuverkefni, undirbúning starfsmanna, fundi, vinnustund o.þ.h. Hafa harðspjalda-möppu sem er öllum sýnileg, þar sem starfsfólk merkir við með upphafsstöfum.

Blær

Viðmið að allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.

Hvernig hægt að ræða Blæ við börn sem hafa takmarkaðan málskilning á íslensku. Hægt að nýta leikföng og búa til leikrit. Senda starfsfólk á Blæ námskeið.

Gæðamálörvun í daglegu starfi.

Viðmið að börnin nái betri tókum á íslenskri tungu:

Vantar meira undan umhald, vantar staðlaða skráningu sem starfsmenn séu krafðir um. Að það sé sett meira í forgang á fundum og skipulagi hvernig málörvun eigi að fara fram. Vantar meiri þjálfun. Þarf að efla starfsmenn til dæmis að með því að sækja námskeið. Skýra betur hvað starfsmenn með erlent móðurmál geta gert til að styðja við málörvun.

Lubbi.

Viðmið að þjálfra íslensk máhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

Búið að ganga frekar vel. Máhljóð vikunnar hefur verið fast í hverri viku þó að verkefni hvers máhljóðs hafi verið mismunandi.



Tónlist.

Erfitt getur reynst að fá börn til að læra texta. Tónlistarstundir með Alessandro hafa gengið mjög vel. Tillaga að bæta við sér söngstundum.

Myndlist.

Listakennsla með listkennara hafist nýlega eftir leyfi. Bæta þarf samskiptaleiðir við myndlistakennara varðandi verkefni.

Hreyfing.

Vantar að hafa markvisst hreyfingarstarf. Fínhreyfingar eru mjög mismunandi meðal nemenda og sum börn virðast sækja lítið í fínhreyfingarvinnu vegna feimni við að sýna núverandi getu. Athuga hvort hægt sé að nýta íþróttasali í nágreninu.

4.4 Dalur

4.4.1 Umbótaþættir

Stjórnun

Upplýsingar: Að ná betri tókum á upplýsingaflæði.

Tækifæri til umbóta: með markvissari fundum.

Ábyrgð: leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: skriflegt endurmat í janúar auk vefkönnunar í maí.

Viðmið um árangur: er að starfsfólki finnist gott upplýsingaflæði á vinnustaðnum sínum

Hvernig hefur þetta gengið: Það vantar að auka upplýsingaflæðið þannig að allir kennarar viti hvað sé að gerast á deildinni hverju sinni. Erfitt getur verið að koma inn á deildir eftir hádegi eða í afleysingar og geta ekki upplýst foreldra þegar þeir spyrja út í dag barnsins. Góð samskipti eru innan deildarinnar auk þess sem styrkleikar starfsfólks fá að njóta sín.

Fundir



Fundur: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig hefur þetta gengið:

Tillaga er að skipuleggja fundatíma mánuði fyrr. Endurskipuleggja tíma fyrir deildarfund ef starfsfólk hefur verið veikt.

Skipulag

Skipulag: Að festa skipulag fyrir undirbúninginn og fundi

Tækifæri til umbóta: Að allt skipulag liggi fyrir að hausti

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Viðmið um árangur fellst í ánægju starfamanna með skipulagið.

Hvernig hefur þetta gengið: Hafa mánaðaplan til að skipuleggja starfsemi kennara til að bæta skipulag dagsins. Í byrjun skólaársins voru settir niður ákveðnir tímar vegna undirbúnings tíma fyrir starfsfólk deildarinnar og þessir tímar hafa staðist nokkuð vel.

Upplýsingarflæði milli deilda er gott og einnig eru samskipti góð.

4.4.2 Leikskólabragur

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.



Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Hvernig hefur þetta gengið: Samskipti milli kennara og barna eru góð. Starfsfólk upplifir frelsi. Þegar upp kemur ágreiningur innan barnahópsins þá aðstoða starfsmenn deildarinnar börnin við að leysa sín ágreiningsmál.

4.4.3 Innra mat á starfi

Starfsáætlun 2023-2024: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar

Tímalengd: undir lok skólaárs 2023.

Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2023-2024

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum

Hvernig hefur þetta gengið: Það hefur gengið vel hjá okkur að skapa námstækifæri með að skipta deildinni í 2- 3 hópa. Við höfum haft fjölbreytt verkefni við hæfi hvers og eins. Frá upphaf skólaárs höfum við farið í mismunandi ferðir, skipulagðar og óvissuferðir.

Blær

Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.

Við á deildinni höfum verið með Blær

Við erum með tvær til þrjár skipulagðar Blæstundir á viku. Við nýtum Blæ sem tækifæri til að spjalla um tilfinningar og við förum líka í slökun það er gæðastund hjá okkur.



Gæðamálörvun í daglegu starfi.

Viðmið að börnin nái betri tókum á íslenskri tungu.

Það er málörvun í daglegu starfi hjá okkur. Við lesum mikið og leyfum líka börnunum að lesa fyrir okkur. Á deildinni er lögð mikil áhersla á málörvun og að efla mál kunnáttu barnanna í gegnum leik og með því að spila fjölbreytt. Lögð er áhersla að setja orð á allar athafnir það er mjög mikilvægt að kennarar séu virkir þátttakendur og hvetja börnin til að tjá sig. Kennarar á Dal eru duglegir að setjast niður hjá börnunum þegar þau eru í leik og spjalla við þau líka þegar þau vilja ekki vera með í leik.

Lubbi.

Viðmið að þjálfa íslensk mállhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

Í upphaf skólaárs byrjuðum við á Lubba . Við erum með Lubba stund til að læra mállhljóð vikunnar og við erum með verkefni sem til að læra stafina í stafrófinu.

Tónlist.

Við erum í góðri samvinnu við tónlistarkennarann. Hann lætur okkur hafa texta og tónlist til að kenna börnum. Hann kennir börnum að lesa nótur. Hann bjó til kór með börnunum. Börnunum finnst gaman að syngja fyrir Barnamenningarhátíð. Það er mikilvægt fyrir börn að hafa tónlistarkennara.

Myndlist.

Við erum í góðri samvinnu við myndlistarkennarann. Börnum finnst gaman að gera verkefni með Signý.

Hreyfing.



Við erum með dans tíma með börnunum einu sinni í viku. Börn hafa mjög gaman af því að dansa saman. Gönguferðin er líka hreyfing. Við höfum íþróttatíma einu sinni í viku. Við erum dugleg að leyfa börnunum að leika í garðinum og fara saman í gönguferðir.

4.5 Endurmat tónlistakennara

4.5.1 Virkni í verkefnavinnu

Þetta skólaár hefur verið einstakt. Eftir nokkuð erfiða byrjun hafa allir starfsmenn unnið hörðum höndum að því að takast á við áskoranirnar sem leiða til stóraukins skipulags, samskipta, almennrar jákvæðni sem hefur orðið til þess að markmið hafa náðst. Við fórum að fylgja áætlunum, sem skapaði stöðuga rútinu sem er lykilatriði í þróun námsferils barnanna. Börnin urðu einbeittari samhliða því sem umhverfi kennslunnar varð skýrari.

Það kom mjög á óvart fyrir starfið í ár að fá verðlaun fyrir tónlistarstarf. Það eru forréttindi og heiður að fá slík verðlaun. Börnin eru aldrei hrædd við að setja sig í námsaðstæður (í hvaða æfingu, leik eða verkefni sem er) og út frá því gætum við skapað virkt rannsóknarumhverfi þar sem hver dagur er ævintýri og lærdómsferlið verður straumlínulagað og um fram allt eðlilegt.

Ég er sérstaklega ánægður með kennsluaðferð sem ég hef nýlega verið að prófa. Í einhverju af okkar athöfnum leyfi ég börnunum að ganga bara í burtu, en ég kenndi þeim að þau geta alltaf, hvenær sem er, komið til mín og látið mig vita hvernig þeim líður, hvort þau séu tilbúin í æfinguna, eða ef þeim finnst þau ekki vera tilbúin. Ég leyfi þeim alltaf að ráða. Tilgangurinn með slíkri aðferð er að kenna börnunum að þau séu aldrei bundin við aðstæður sem þau geta ekki stjórnað, skapa sjálfstætt sjálfsmat og traustara ástand. Slík nálgun hefur leitt til þess að nokkrir krakkar sem hafa almennt ekki verið tilbúin til að taka þátt í ákveðnum æfingum eru allt í einu öruggari, sleppa forvitni sinni og taka þátt í ýmsum leikjum.



4.5.2 Virkni og verkleg færni

Það kom skemmtilega á óvart að sjá hve auðvelt börn eiga með það að læra ýmsa þætti tengda tónlist og tónfræði. Það sem hefur verið unnið með á þessu skólaári eru hlustunaræfingar, tónfræði, söngur, Yoga, greining á tónhraða o.fl. í kennslunni hefur verið notast við beina kennslu, leiki og sköpun.

Að stofna leikskólakór hefur verið erfitt en árangurinn var frábær. Barnamenningarhátíðin hefur verið óaðfinnanleg. Við og börnin unnum mjög mikið og af slíkri ástríðu að ég tel það eitt besta afrek okkar. Ég fór heim eftir tónleikana og gat ekki hætt að brosa í marga daga og hugsaði um þá.

Flutt voru lög á nokkrir tónleikum, í nóvember á degi íslenskrar tungu, jólatónleikar og jólavinafundur hjá foreldrum og svo vortónleikar - vorvinafundur, fyrir bæði yngri og eldri börn, á mismunandi dögum. Margt hefur lærst í gegnum það ferli. Eins og hve mikilvægt er að vinna með áhugasvið barna, gera þarf ráð fyrir ýmsum utanaðkomandi breytum í tengslum við tónleika auk þess hve mikilvægt er að börn með íslensku sem annað mál fái betri þjálfun þegar kemur að textum á íslensku. Þessi ársáætlun var vel ígrunduð og innihélt nokkrir kaflar sem gerðu börnum með litla íslenskukunnáttu kleift að taka virkan þátt í söngferlinu. Ég var afskaplega ánægður með það.

Unnið með tónlist úti

Mikilvægt er að nýta gott veður þegar það gefst. Það sem hægt var að gera úti var t.d. að spila á trommur en notaðar voru dósir og dollur til að mynda margvísleg hljóð. Stólaleikur er leikinn þar sem notuð er tónlist og fækkað um stóla samhliða. Við skiptum börnunum líka í tvo hópa sem kepptu sín á milli um að finna nótur og klára fyrst tónstiga. Það sem kom út úr þeirri vinnu var að börnin virtust njóta þess að geta fært tónlistarstundirnar út. Það var gaman að fara til nokkra viðburði og tónleika. Meðal hlustunaræfinga okkar æfðum við okkur



í að þekkja hvalahljóð áður en við heimsóttum hvalasýninguna, það var mjög fræðandi upplifun.

Tónfræði og tónheyrn fyrir leikskóla

Vel gekk að kenna leikskólabörnum tónfræði og merkilegt að sjá hve sum börn eiga auðvelt með að tileinka sér ákveðna þætti. Hægt væri að taka þessa kennslu lengra og vera með æfingabækur í tónfræði fyrir þau börn sem eru áhugasöm og tengja við námsefnið.

Á þessu ári byrjuðum við að taka skref, ekki bara í tónfræði heldur einnig tónheyrn, innleiða tæknilegri nálgun, nota spjaldtölvu, gagnvirk vinnublöð og ýmsar rytmískur æfingar sem börnin eru að læra bæði að lesa og skrifa. Æfinga sem við nýttum eru rytmískar æfingar, taktboða, dýnamík, hækkandi eða lækkandi laglínur og hljóðgreiningu.

Hlustunaræfingar eru stór partur af tónlistar þjálfun. Í vetur hefur t.d. verið unnið með Karnival dýranna, Pétur og Úlfurinn, þar hafa börnin verið að æfa sig í að greina hvaða tónlistabrot fylgir hverju dýri/hlutverk auk þess sem spjallað hefur verið um hvaða tilfinningar eru keyrðar áfram í gegnum tónlistina. Haldin hafa verið dans partý í vetur með mismunandi þemum, frá írskri þjóðlaga tónlist út í nineties þema, markmiði með því er að geta greint og flokkað tónlist út frá mismunandi tónlistarstílum. Það brýtur upp daginn þegar planað er dans partý og börnunum finnst uppbrotið skemmtilegt.

Enn eitt skólaárið er á enda og við getum ekki annað en verið stolt af starfi okkar.

Starfsandinn í vinnunni er almennt mjög jákvæður, börnin eru ánægð og þau líta greinilega á leikskólann sem stað þar sem þau finna fyrir öryggi og skilning, auk þess að vera staður til að læra og upplifa nýja hluti. Umhverfið sem við sköpuðum er hollt fyrir bæði börn og kennara, þar sem við höfum tækifæri til að prófa nýja hluti, gera virkir rannsóknir og stöðugt bæta færni okkar. Það er mikil umbun í þessu starfi og öllu sem við gerum. Það er frábært merki



um að vera á réttri leið.



5 Innra mat sérkennslu

Í lok skólaársins 2023-2024 voru 5 börn með úthlutaða fjármagn til sérkennslu. Samkvæmt nýja fjármagns skipulagi féllu 5 börn í 1.flokk sem voru með úthlutað fjármagn í klukkustundum á dag. Hin 5 börnin féllu undir *snemmtæka íhlutun* og fá sameiginlega 0,80% stöðugildi. Stuðningur barnanna er miskrefjandi. Sum barnanna höfðu þörf fyrir að hafa stuðning með sér allan daginn, en önnur börn fengu aðstoð eftir þörfum.

Sérkennslan fór fram á mismunandi hátt, allt eftir þeim tilfellum sem áttu í hlut. Flest barnanna fengu einstaklingsnámskrár sem innihéldu markmið sem hægt var að vinna að í gegnum leik og daglegt starf, sem og í einstaklingskennslu eða hópastarfi. Starfsfólk hafði einnig skráningarblöð sem þau gátu nýtt sér til að vinna með þá þætti sem gera deildarstarf mest krefjandi.

Öll börn 3 ára og eldri voru skimuð með *TRAS*, og öll 5 ára börn voru *Hljóm-2* prófuð. *AEPS* var lagt fyrir nokkur börn sem komu illa út úr *TRAS*, eða ef aðrar áhyggjur voru til staðar. Í byrjun árs 2024 voru *hæfniráttir* lagðir fyrir fjöltyngd börn og svo í lok skólaársins (maí/júní). Sérkennslustjóri skimaði börn á 4 aldursári með *EFL Orðaskil, íslenski þroskalistinn* og *smábarnalistinn* voru einnig nýttir fyrir þau börn sem áhyggjur voru af, ýmist áhyggjur foreldra og/eða starfsmanna.

Allskyns efni var nýtt í sérkennslu, sem dæmi má nefna *Lubbi*, efni frá „*Fjölbreytt kennsla*“, *Lærum og leikum með hljóðin*, lestrarspjöld með algengum dýrum, litum og fleiri orðflokkum og *Blær*. Bækur voru mikið nýttar þar sem áhersla var lögð á virka hlustun og að skapa umræður, fá börnin til að segja frá og ræða um efni bókanna. Einnig var notast við spil eins og *Aliaz*, *Bingó*, og *memory*.

Að lokum má nefna að sérkennslustjóri sótti allskyns fundi, námskeið og fyrirlestra til að styrkja sig og bæta í starfi.



5.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Þrátt fyrir að það hafi mikið gerst í sérkennslunni síðustu tvö ár er alltaf hægt að bæta sig í starfi. Það sem hefur verið helsta vandamál í sérkennslunni síðasta árið snýr einna helst að því að fá inn starfsfólk til að sinna henni, eða taka að sér stuðninginn. Sérkennslan er yfirgripsmikil innanhús, og sérkennslustjóri þarf meiri aðstoð til að sinna henni. Það hefur verið mikil mannekla síðasta ár eins og á svo mörgum öðrum leikskóla og hefur verið erfitt að fá inn starfsfólk til að sinna sérkennslunni/stuðningi. Annað sem betur mætti fara er skráning vinnustunda með börnunum. Gott væri að leggja meiri áherslu á að skrá niður þegar farið er með barn í vinnustund og hvað unnið var að í hverjum tíma. Nú eru flest börn komin með „vinnustundaplagg“ til að vinna eftir fram á vor.

Þar sem hlutfall fjöltyngdra barna á leikskólanum Klömbrum er hátt, eða rúmlega 50% er mikilvægt að það sé skýr málstefna innanhús. Mörg þessara barna fá aðeins tækifæri til að læra íslensku í leikskólanum sem gerir okkar hlutverk enn mikilvægara. Það er því á ábyrgð allra starfsmanna að sjá til þess að þessi börn heyri og læri íslensku. Þá er mikilvægt er að allir starfsmenn temji sér að tala íslensku við börnin, en ekki síður sín á milli inni á deildum. Einnig er mikilvægt að starfsfólk minni börnin á að í leikskólanum tölum við „leikskólamál“ (íslensku). Málörvun í daglegu starfi er einnig mikilvæg, og gott að starfsfólk sé meðvitað um að málörvun fer fram í nánast öll stundum daglegs starfs, en ekki bara í einkakennslu/vinnustundum.

Verkefnastjóri fjölmennningar var ráðinn í hlutastarf í lok árs 2022. Verkefnastjóri fjölmennningar sá aðeins um verkefni tengd fjölmenningu, svo sem að sitja fundi og fyrirlestra, ásamt því að skipuleggja og sinna málörvun fjöltyngdra barna. Þetta starf hefur létt mikið á sérkennslunni. Hæfniramar voru teknir í notkun á vorönn 2023 þar sem öll fjöltyngd börn á Klömbrum voru metin. Þessir hæfniramar gefa deildarstjórum ásamt sérkennslustjóra betri sýn yfir stöðu þessara barna.



5.2 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Fjöltýngd börn skólaárið 2022-2023 voru um það bil 34, sem gera um eða yfir 50% af heildarfjölda innritaðra barna á Klömbum.

Hlíð: Börnin sem voru á Hlíð þetta skólaárið eru fædd 2020-2021. Það voru að meðaltali 10 börn á deildinni yfir veturinn. Í lok skólaársins voru 3 börn með íslensku sem annað tungumál á Hlíð. Þau tungumál sem töluð voru á Hlíð voru: úkraínska, enska og arabíska

Holti: Börnin sem voru á Holti þetta skólaár eru fædd 2019-2020. Þau voru að meðaltali 16 á Holti yfir veturinn. Í lok skólaársins voru 9 börn með íslensku sem annað tungumál á Holti. Þau tungumál sem voru töluð á Holti voru: spænska, arabíska, pólska, rússneska, franska, danska og sómalska.

Túni: Börnin sem voru á Túni þetta skólaár eru fædd 2018, 2019 og 2020. Það voru að meðaltali um 15 börn á Túni yfir veturinn. Í lok skólaársins voru 8 börn með íslensku sem annað tungumál á Túni. Tungumálin sem töluð voru á Túni voru: spænska, arabíska, pólska, litháíska, víatnamska, enska og malalayalam (málíska frá Indlandi).

Teigur: Börnin á Teig þetta skólaárið eru fædd 2018, 2019 og 2020. Það voru að meðaltali um 16 börn á Teig yfir veturinn. Í lok skólaársins voru 5 börn með íslensku sem annað tungumál á Teig. Tungumálin sem töluð voru á Teig voru: arabíska, rúmenska, og hindi.

Dalur: Börnin á Dal þetta skólaárið eru fædd 2018 og 2017. Það voru að meðaltali um 13 börn á Dal yfir veturinn. Í lok skólaársins voru 8 börn með íslensku sem annað tungumál á Dal. Þau tungumál sem voru töluð á Dal voru: litháenska, spænska, pólska, tékkneska, gríska og enska.



5.3 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2023-2024

Leikskólinn Klambrar fékk úthlutað vegna barna af erlendum uppruna skólaárið 2022-2023. Þetta fjármagn var nýtt til að manna stöðu verkefnastjóra fjölmenningar að hluta til. Skilgreint starfshlutfall verkefnastjóra fjölmenningar fyllir aðeins upp í 45% stöðu þrátt fyrir hátt hlutfall fjöltyngdra barna innanhús. Miðað við þunga fjölmenningar á Klömbrum þyrfti fjármagn þó að vera meira.

Á hverri deild hangir veggspjald frá *Miðju Máls og Læsis* til að minna starfsfólk á þær leiðir sem teljast vænlegastar til að efla máltöku barna í íslensku. Í leikskólanum er lagt áherslu á að lesa mikið, loðtöflu-sögur eru einnig mikið notaðar á yngstu deildum, og starfsfólk er meðvitað um að koma orði á hluti, auk þess sem börn eru minnt á að nota „leikskólamál“ (íslensku) í leikskólanum. Auk þess fara öll fjöltyngd börn í sérstaka málörvunartíma vikulega. Leikskólinn hefur einnig nýtt Gefðu-10, og hæfniramar voru teknir í notkun á vorönn 2023. Verið er að huga að öllum þáttum máltöku eins og: orðaforða og málskilnings; tjáningu og frásögu; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmáli; félagslegu tungumáli; tilfinningu, áhuga styrkleika og löngunum. Þessi vinna fer fram í daglegum verkefnum dagsins eins og í samveru, útiveru, í fataklefa, matartíma, í gegnum leik, tónlist, myndlist og í gegnum samtalið.

Verkefnastjóri fjölmenningar og sérkennslustjóri sem sinnir einnig starfi tengiliðs fjölmenningar, hafa setið fundi og fyrirlestra hjá *Miðju Máls og Læsis* um málörvun í leikskóla, setið fjölmenningsfundum og sótt námskeið til að efla sig í starfi.

5.4 Umbótaráætlun – Fjöltyngi 2024-2025

Eins og áður kom fram er mikill fjöldi barna á Klömbrum af erlendum uppruna. Það hefur því verið erfitt að koma því fyrir að þessi hópur komist daglega í málörvun. Hver og ein deild sinnir málörvun barna af erlendum uppruna og reynir að komast því fyrir að hvert barn fari 2-



3 í viku í sérstakar málörvunarstundir. Þar að auki er deildarstarfsfólk meðvitað um að málörvun fer að miklu leyti fram í daglegu starfi. Starfsfólk er því duglegt við að nýta sjónrænan stuðning og að tala mikið við þessi börn.

Eins of áður kom fram voru Hæfniramar teknir í notkun á vorönn 2023. Markmið næsta árs er að þeir verði nýttir 2x á önn til að meta framfarir fjöltyngdu barnanna, og þannig grípa þau börn sem þurfa á meiri aðstoð að halda. Það er á ábyrgð deildarstjóra að leggja fyrir hæfniramma, en verkefnastjóri fjölmennningar og sérkennslustjóri geta aðstoða við útfyllingu ef þess er þörf. Mikilvægt er að deildarstjórar renni yfir niðurstöður hvers barns og láti sérkennslustjóra vita ef þeir telja að þörf sé á að fá mat talmeinafræðings eða fá frekari aðstoð fyrir barnið. Til að fylgja þessu eftir mun verkefnastjóri fjölmennningar hafa samráð við deildarstjóra reglulega. Þar að auki funda verkefnastjóri og sérkennslustjóri reglulega.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

6.1 Starfsþróunarsamtöl

Hjá Reykjavíkurborg er miðað við að allir starfsmenn fari að lágmarki einu sinni á ári í starfsmannasamtal, sem almennt eru kölluð „starfsþróunarsamtöl“ innan borgarinnar. Tekin voru stöðluð samtöl sem flokkast sem árleg samtöl við alla starfsmenn. Samtalið tók um klukkustund við hvern starfsmann. Í samtölunum kom fram að almenn líðan starfsfólks var góð, stundum væru erfiðir dagar en sem betur væru góðu dagarnir fleiri.

Starfsfólk ræddi um ýmsa þætti starfsins og var t.d. bent á það að fræðsla á Torginu væri takmörkuð, meira mætti vera um fagleg námskeið sem tengdust kennslu. Einnig kom fram að starfsfólk hafði áhuga á að taka að sér verkefni á deildum auk þess sem margir ræddu það að hafa áhuga á að sækja námskeið í tengslum við starfið í leikskólanum.

6.2 Starfsdagar

21. ágúst Sameiginlegur starfsdagur Þessi dagur var nýttur tiltekt, skipulagning starfs og undirbúning fyrir aðlögun.

29. september Sameiginlegur starfsdagur Menntakvika Háskóla Íslands var þennan dag. Horft var á mismunandi fyrirlestra í streymi í leikskólanum

27. nóvember Skipulagning fyrir desembermánuð og úrvinnsla foreldrasamtala sem verða haldinn í október.

2. janúar Fundir, tiltekt og skipulagning



2. apríl Sameiginlegur starfsdagur. Kynntar voru breytingar á aðalnámskrá. Unnið var að endurmati og skipulagningu næsta skólaárs. Haldinn var kynning hugmyndafræðinni á bak við matstofu Klambra

17. maí Sameiginlegur starfsdagur Menntastefnumót Reykjavíkurborgar. Boðið var upp á ýmsa fræðslu fyrir starfsmenn leik og grunnskóla. Helmingur starfsfólks fór til Akureyrar í leikskólaheimsókn. Hinn helmingurinn tók þátt í menntastefnumóti

Fræðsla

Nokkrir starfsmenn sóttu námskeiðið Íslenskuþorpið á vegum menntafléttunnar. Auk þess fóru starfsmenn á ýmsis réttindanámskeið eins og TRAS og Blæ.

Haldnir voru fyrirlestrar á starfsdögum fyrir starfsfólk þar sem kynnt var starfsáætlunin, breytingar á aðalnámskrá auk þess sem umræða um ýmsa þætti skólastarfsins var rætt á opnum fundum starfsfólks.

Ýmist efni sem kom út á skólaárinu var prentað út og gert aðgengilegt eins og handbókin um leikinn auk þess sem tenglum á nýjustu rannsóknir tengdar börnum voru sendir á sameiginlegt svæði starfsfólks á Facebook.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Dalur hefur verið með í verkefninu sem heitir Skilaboðaskjóðan. Þetta verkefni er þróunarverkefni með Háteigsskóla og nágrennaleikskólunum Stakkaborg og Nóaborg. Tilgangurinn er að börnin í leikskólunum kynnist hverfisskólanum sínum og hitti börn af öðrum leikskólum sem þau eiga eftir að vera með í Háteigsskóla. Að vori förum við í heimsókn í frístund og fáum að sjá hvað er í boði þar.

Á þessu skólaári hefur verið farið í heimsóknir í Háteigsskóla auk þess sem frístundaheimilið Halastjarnan hefur verið heimsótt. Verkefnið hefur ekki gengið nógu vel þennan veturinn þar sem skipulag heimsókna hefur ekki verið nógu skýrt. Rætt hefur verið um það að reyna að kalla á fund í ágúst næstkomandi þar sem lagt verði niður skipulag fyrir komandi skólaár. Í von um að heimsóknirnar verði skilvirkari.

7.1 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

A þrettándanum buðum við elstu börnunum á Stakkaborg í heimsókn til okkar í garðinn, þar sem við vorum með þrettándabrennu og samsöng. Farið hefur verið í heimsókn á Stakkaborgina með hópa reglulega í vetur. Einnig var farið í heimsókn með elstu börnin í Halastjörnuna. Elstu börnin sóttu heim eldri borgara í hverfinu og sungu fyrir þau á dvalarheimilinu.

7.2 Foreldrasamvinna

Haldin var aðalfundu foreldrafélags og foreldraráðs á haustdögum. Auk þess sem haldin var foreldrafundur í byrjun september þar sem foreldrum voru kynntar ýmsar reglur auk þess sem hugmyndafræði leikskólans var rædd með foreldrum.



Foreldrar hafa svo fengið boð um að koma á vlnafundi í vetur, á tónleika auk þess sem við opnuðum húsið á Bóndadaginn og í tengslum við konudag. Sveitaferð foreldrafélags var haldin 9. maí þar sem foreldrar hittust utan leikskólans. Sumarhátíð leikskólans er svo fram undan þann 20. júní.



8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2024-2025 eru :

23. ágúst. Dagurinn verður nýttur í undirbúning vegna aðlögunar.

27. september. Dagurinn verður notaður í undirbúning fyrir foreldraviðtöl

6. desember. Þennan dag ætlum við að nota til að klára skipulagningu fyrir jólahátíðina.

17. janúar. Fundir verða þennan dag og rætt um endurmat og skipulag.

21. mars. Undirbúningur fyrir foreldrasamtöl.

5. maí. Skipulagning sumardagskrár, útskriftar auk endurmats.



Samband íslenskra
sveitarfélaga

Nafn leikskóla: Leikskólinn Klambrar

Leikskóladagatal 2024 - 2025

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANUAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1. F	1. S	1. P	1. F	1. S	1. P	1. S	1. F	1. S	1. P	1. S	1. F	1. S	1. P	1. S	1. F	1. S	1. P	1. S	1. F	1. S	1. P	1. S	
2. F	2. M	2. M	2. L	2. M	2. M	2. F	2. L	2. M	2. M	2. F	2. L	2. M	2. M	2. S	2. S	2. M	2. M	2. F	2. F	2. M	2. M	2. M	
3. L	3. P	3. P	3. S	3. P	3. S	3. P	3. S	3. P	3. P	3. F	3. F	3. M	3. M	3. M	3. M	3. L	3. L	3. P	3. L	3. P	3. F	3. F	
4. S	4. M	4. M	4. M	4. M	4. M	4. M	4. M	4. M	4. M	4. L	4. L	4. P	4. P	4. P	4. P	4. S	4. S	4. M	4. M	4. F	4. F	4. F	
5. M	5. F	5. F	5. P	5. F	5. F	5. F	5. P	5. F	5. F	5. S	5. S	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. F	5. F	5. L	
6. P	6. F	6. F	6. M	6. M	6. M	6. F	6. M	6. F	6. F	6. M	6. M	6. F	6. F	6. F	6. F	6. P	6. P	6. P	6. P	6. F	6. F	6. S	
7. M	7. L	7. L	7. M	7. M	7. M	7. L	7. L	7. L	7. L	7. P	7. P	7. F	7. F	7. F	7. F	7. M	7. M	7. L	7. L	7. M	7. M	7. M	
8. F	8. P	8. P	8. S	8. S	8. S	8. M	8. M	8. S	8. S	8. M	8. M	8. L	8. L	8. L	8. P	8. P	8. F	8. F	8. S	8. S	8. P	8. P	
9. F	9. M	9. M	9. L	9. M	9. L	9. M	9. L	9. M	9. M	9. F	9. F	9. S	9. S	9. S	9. M	9. M	9. F	9. F	9. M	9. M	9. M	9. M	
10. L	10. P	10. P	10. S	10. P	10. S	10. P	10. S	10. P	10. P	10. F	10. F	10. M	10. M	10. M	10. P	10. L	10. L	10. L	10. L	10. P	10. P	10. F	
11. S	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. L	11. L	11. P	11. P	11. P	11. P	11. S	11. S	11. M	11. M	11. F	11. F	11. F	
12. M	12. F	12. F	12. P	12. F	12. F	12. F	12. P	12. F	12. F	12. S	12. S	12. M	12. M	12. M	12. M	12. L	12. L	12. M	12. M	12. F	12. F	12. L	
13. P	13. F	13. F	13. M	13. M	13. M	13. F	13. F	13. F	13. F	13. M	13. M	13. F	13. F	13. F	13. P	13. P	13. P	13. P	13. F	13. F	13. S	13. S	
14. M	14. L	14. L	14. M	14. M	14. M	14. L	14. L	14. L	14. L	14. P	14. P	14. F	14. F	14. F	14. F	14. M	14. M	14. L	14. L	14. M	14. M	14. M	
15. F	15. S	15. S	15. P	15. F	15. F	15. F	15. P	15. F	15. F	15. M	15. M	15. L	15. L	15. L	15. P	15. P	15. F	15. F	15. S	15. S	15. P	15. P	
16. F	16. M	16. M	16. L	16. M	16. L	16. M	16. L	16. M	16. M	16. F	16. F	16. S	16. S	16. S	16. M	16. M	16. F	16. F	16. M	16. M	16. M	16. M	
17. L	17. P	17. P	17. S	17. P	17. S	17. P	17. S	17. P	17. P	17. F	17. F	17. M	17. M	17. M	17. L	17. L	17. L	17. L	17. P	17. P	17. F	17. F	
18. S	18. M	18. M	18. L	18. M	18. L	18. M	18. L	18. M	18. M	18. L	18. L	18. P	18. P	18. P	18. P	18. S	18. S	18. M	18. M	18. F	18. F	18. F	
19. M	19. F	19. F	19. P	19. F	19. P	19. F	19. P	19. F	19. F	19. S	19. S	19. M	19. M	19. M	19. L	19. L	19. M	19. M	19. F	19. F	19. L	19. L	
20. P	20. F	20. F	20. M	20. M	20. M	20. F	20. F	20. F	20. F	20. M	20. M	20. F	20. F	20. F	20. P	20. P	20. S	20. S	20. F	20. F	20. S	20. S	
21. M	21. L	21. L	21. M	21. M	21. M	21. L	21. L	21. L	21. L	21. P	21. P	21. F	21. F	21. F	21. M	21. M	21. L	21. L	21. M	21. M	21. M	21. M	
22. F	22. S	22. S	22. P	22. F	22. F	22. F	22. P	22. F	22. F	22. M	22. M	22. L	22. L	22. L	22. P	22. P	22. F	22. F	22. S	22. S	22. P	22. P	
23. F	23. M	23. M	23. L	23. M	23. L	23. M	23. L	23. M	23. M	23. F	23. F	23. S	23. S	23. S	23. M	23. M	23. F	23. F	23. M	23. M	23. M	23. M	
24. L	24. P	24. P	24. S	24. P	24. S	24. P	24. S	24. P	24. P	24. M	24. M	24. L	24. L	24. L	24. P	24. P	24. L	24. L	24. P	24. P	24. F	24. F	
25. S	25. M	25. M	25. L	25. M	25. L	25. M	25. L	25. M	25. M	25. L	25. L	25. P	25. P	25. P	25. P	25. F	25. F	25. S	25. S	25. M	25. M	25. F	
26. M	26. F	26. F	26. M	26. M	26. M	26. F	26. F	26. F	26. F	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. L	26. L	26. M	26. M	26. F	26. F	26. L	26. L	
27. P	27. F	27. F	27. M	27. M	27. M	27. L	27. L	27. L	27. L	27. P	27. P	27. F	27. F	27. F	27. M	27. M	27. P	27. P	27. F	27. F	27. S	27. S	
28. M	28. L	28. L	28. M	28. M	28. M	28. L	28. L	28. L	28. L	28. P	28. P	28. F	28. F	28. F	28. M	28. M	28. L	28. L	28. M	28. M	28. M	28. M	
29. F	29. S	29. S	29. P	29. F	29. F	29. F	29. P	29. F	29. F	29. M	29. M	29. L	29. L	29. L	29. P	29. P	29. M	29. M	29. F	29. F	29. S	29. P	
30. F	30. M	30. M	30. L	30. M	30. L	30. M	30. L	30. M	30. M	30. F	30. F	30. S	30. S	30. S	30. M	30. M	30. F	30. F	30. M	30. M	30. M	30. M	
31. L	31. F	31. F	31. P	31. P	31. P	31. F	31. F	31. F	31. F	31. M	31. M	31. L	31. L	31. L	31. M	31. M	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	31. L	

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



9 Fylgiskjöl

9.1 Starfsáætlun Hlíð og Holt

Ágúst 2024

Þema: Velkomin til baka

September 2024

Þema: vinátta

Ferilmappa: Sjálfsmynd

Merkisdagar: 16. Dagur íslenskrar náttúru

Október 2024

Þema: Haust

Ferilmappa: Haustmynd, laufblöð límd á blað

Merkisdagar: 25. Fyrsti vetrardagur, 31. hrekkjavaka

Nóvember 2024

Þema: Einhver saga, t.d. grísirnir þrír eða geiturnar þrjár.

Ferilmappa: skráning á söguverkefni.



Merkisdagar: 16. Dagur íslenskrar tungu

Desember 2024

Þema: Jólin, Hátíð ljóss og friðar

Jólagjöf: skreyttur borðdúkur eða taupoki.

Ferilmappa: prentuð mynd af börnunum að jólast

Janúar 2025

Þema: ljós og skuggi

Ferilmappa: form

Biðja foreldra um mynd af pabba

Merkisdagar: 6. Þrettándinn, 24. bóndadagur

Febrúar 2025

Þema: tölur

Ferilmappa: töluverkefni

Biðja foreldra um mynd af mömmu

Merkisdagar: 14. Valentínudagur, 23. konudagur



Mars 2025

Þema: fjölskyldan mín

Ferilmappa: teikna/mála mynd af fjölskyldunni minni

Merkisdagar: 3. Bolludagur, 5. öskudagur

Apríl 2025

Þema: páskar, vorið, jörðin vaknar til lífs

Ferilmappa: stafirnir mínir

Merkisdagar: 20. Páskar, 24. Sumardagurinn fyrsti

Mái 2025

Þema: dýr

Ferilmappa: mála dýr, uppáhalds dýrið mitt

Júní 2025

Þema: sumar

Ferilmappa: sjálfsmynd

Merkisdagar: 17. júní



9.2 Starfsáætlun Tún og Teigur

Ágúst 2024

Áhersla lögð á útiveru og leik og starf úti. Ratleikir, stærðfræðileikir og göngutúrar.

Þema: Útivera – náttúrkönnun

September 2024

Börnin kynna sig og segja frá sínum áhugamálum. Vinna með Blæ og leggja áherslu á sjálfsvirðingu, persónumörk og líkamsvirðingu.

Þema: Ég sjálf/t/ur

Ferilmöppuverkefni: Sjálfsmynd (haust)

Október 2024

Fylgjast með breytingar á veðrinu og umhverfinu með komandi hausti. Hrekkjavöku-undirbúningur með sérstakri áherslu á að gera íslenska Hrekkjavöku. Þjóðsögur, furðuverur, huldufólk og draugasögur.

Þema: Íslenskar þjóðsögur og skrímsli

Ferilmöppuverkefni: Pressa blóm og lauf

Nóvember 2024

Lærum meira um íslenska tungumálið í tilefni af degi íslenskrar tungu. Skoðum rúnir og fleira áhugavert sem tengist tungumálinu.

Þema: Íslensk tunga

Ferilmöppuverkefni: Stafurinn minn

Desember 2024

Íslensk jól. Lærum um hvað fólk gerði um jól í gamla daga. Fara á Árbæjarsafn. Leggja áherslu á íslensku jólasögurnar. Vetrarsólstöðuhátíð.

Þema: Vetrar kvöldvaka

Ferilmöppuverkefni: Þæfa ull

Janúar 2025



Prettándinn og Þorrinn. Lærum um mismunandi ljós náttúran gefur okkur; stjörnur, norðurljós og tunglskin.

Þema: Ljós náttúrunnar

Ferilmöppuverkefni: Skuggaverkefni (skráningarverkefni)

Febrúar 2025

Lærum meira um hátíðisdagana í Febrúar (Bolludagur, Sprengidagur, Öskudagur, Konudagur). Búum til grímur fyrir Öskudag.

Þema: Fjölskyldan mín

Ferilmöppuverkefni: Ættartré

Mars 2025

Læra meira um hvaða dýr eru á Íslandi, muninn á húsdýrum á villtum dýrum. Ferð í Húsdýragarðinn.

Þema: Dýrin á Íslandi

Ferilmöppuverkefni: Mismunandi form (tangram)

Apríl 2025

Páskaföndur af ýmsum toga.

Þema: Páskar

Ferilmöppuverkefni: Grænmetiskynning (skráningarverkefni)

Mái 2025

Áhersla er lögð á útiveru og vettvangsferðir. Unnið með verkefni tengd breytingu á umhverfinu, til dæmis blóm og gróður. Ferð í Grasagarðinn.

Þema: Blóm og gróður

Ferilmöppuverkefni: Sjálfsmynd (vor)

Júní 2025



Enn meiri áhersla lögð á útiveru, vettvangsferðir og útileiki. Sjórnæingjadagurinn!

Þema: Sumar

Ferilmöppuverkefni: Dagblaðabátar

9.3 Áherslur í myndlist fyrir næst skólaár

Áherslur 1-4 ára:

- Sjálfsmýnd með skráningu
- Læra að halda á blýanti og pensli
- Kynnast skærum og klippa frjálst og líma
- Kynnast leir
- Kynnast prenti
- Formfræði, hringur, kassi, þríhyrningur
- Notum náttúrulegan efnivið í myndsköpun sem börnin safna sjálf
- Mála með óhefðbundnum og fjölbreyttum verkfærum
- Sköpun og meðhöndlun með verðlausan efnivið

Áherslur 4-6 ára:

- Sjálfsmýnd með skráningu
- Klippa frjálst og líma
- Þjálfá fínhyringar s.s. að klippa eftir línu og lita afmarkaðan flöt
- Blöndun lita með grunnlitunum gulur, blár og rauður
- Notum náttúrulegan efnivið í myndsköpun sem börnin safna sjálf
- Endurvinnu pappír og gera verk úr



- Mála með óhefðbundnum og fjölbreyttum verkfærum
- Sköpun og meðhöndlun með verðlausan efnivið
- Kynnumst prenttækni frekar
- Sameiginlegt Ready-made verkefni byggt á hugmyndaflugi barnanna
- Fara á myndlistasýningu og vinna verkefni út frá því
- Reggio blóma verkefni
- Halda skissu bók



9.4 Skipulag vegna tónlistarkennslu

Tónlistar kennsluáætlun 2023/2024						
	Dansveisla með valinni tónlistartegund	Biótitimar: Söngleikir/ópera/tónlistar/listarmynd	(Dalur) heimsókn og syngja á elihéimilið			
Einu sinni í mánuði	Barnið taka þátt að vera tónlistarsjóri og hjálpa kennum.	Vinafundur				
Einu sinni í skólaárið	Hljóðfærardagur - Allir mæta í leikskólanum með eitt val hljóðfæri	Tónleikar 16 Nóvember - dagur íslenskrar tungu Jólatónleikar - vinafundur Barna menningarhátið Vor tónleikar - vinafundur	Tónleikarferðir			
Ágúst	SUMARLÖG	Ábatalfni	Dalur	Tegur - Tún	Holt - Hlið	
		Unnið með tónlist úti	Söng og hræfingu Borðspil, tónlistarfræði, tónheyrn	Söng og hræfingu Borðspil, tónlistarfræði, tónheyrn	Söng og hræfingu, tónheyrn Borðspil	
September	HAUSTLÖG	Endurvinnsla og tónlist	Söng og hræfingu Borðspil, tónlistarfræði, tónheyrn	Söng og hræfingu Borðspil, tónlistarfræði, tónheyrn	Söng og hræfingu, tónheyrn Borðspil	
Óktóber		Halloween! Búa til Draugahúsið Hrækkjávölkupartý	Halloween! Hrækkjávöku Sýningu fyrir fjölskyldu? Mýndlist, leiklist og/eða tónlist saman	Halloween! Hrækkjávöku Sýningu fyrir fjölskyldu? Mýndlist, leiklist og/eða tónlist saman	Halloween! Hrækkjávöku Sýningu fyrir fjölskyldu? Mýndlist, leiklist og/eða tónlist saman	
Nóvember	VEIÐARLÖG G JÓLALÖG		Söng og hræfingu Borðspil, tónlistarfræði, tónheyrn	Söng og hræfingu Borðspil, tónlistarfræði, tónheyrn	Söng og hræfingu Borðspil, tónheyrn	
Desember		JÓL!!	Jólatónleikar i elihéimilið og fjölskyldunni	Jólatónleikarferð - elstu börn	Jóla lög of skraut Jóla tónlistarstund hjá fjölskyldunni	



Janúar	Hljóðfæraleikari gest kemur í heimsókn í leikskólanum	Söng og hreyfingu Borðspil, tónlistarfræði, tónheyrn	Hljóðfæraleikari gest kemur í heimsókn í leikskólanum	Hljóðfæraleikari gest kemur í heimsókn í leikskólanum
Febrúar		Tónleikarferð Söng og hreyfingu Borðspil, tónlistarfræði, tónheyrn	Tónleikarferð	Söng og hreyfingu Borðspil, tónheyrn
Mars	VORLÖG kynningar á erlendri tónlist	Barnameningarhátí ð - æfing í tónlistarskóla Barnameningarhátí ð tónleikar Söng og hreyfingu Borðspil, tónlistarfræði, tónheyrn	Söng og hreyfingu Borðspil, tónlistarfræði, tónheyrn	Söng og hreyfingu Borðspil, tónheyrn
Apríl			Söng og hreyfingu Borðspil, tónlistarfræði, tónheyrn	Söng og hreyfingu Borðspil, tónheyrn
Mái	SUMARLÖG Hljóðfæragerð úr nátturulegum efnivið Unnið með tónlist úti Unnið með tónlist úti	Söng og hreyfingu Borðspil, tónlistarfræði, tónheyrn Kór útskriftartónleikar Söng og hreyfingu Borðspil, tónlistarfræði, tónheyrn	kynningar á erlendri tónlist Unnið með tónlist úti	Söng og hreyfingu Borðspil, tónheyrn kynningar á erlendri tónlist
Júní			Tónlistarstund hjá fjölskyldunni Unnið með tónlist úti	Söng og hreyfingu Borðspil, tónheyrn Tónlistarstund hjá fjölskyldunni



Víkuplan (dæmi)

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
07:30 - 09:00	Teig Róleg stund Morgunmat	Holt Róleg stund Morgunmat	Hlíð Róleg stund Morgunmat	Tún Róleg stund Morgunmat	Dalur Róleg stund Morgunmat
09:00 - 10:00	Teig Samvera 09:15 - Kór æfing	Holt Samvera Söngstund	Hlíð Samvera Söngstund	Tún Samvera 09:15 - Kór æfing	Dalur Samvera 09:45 - Vínafundur
10:00-11:00	Tónlistarstund	Tónlistarstund	Tónlistarstund	Tónlistarstund	Tónlistarstund
11:00-12:00	Teig Hádegismat Tónlistarstund - stutt	Holt Hádegismat Tónlistarstund - stutt Hvíld	Hlíð Hádegismat Hvíld	Tún Hádegismat Tónlistarstund - stutt Hvíld	Dalur Hádegismat Tónlistarstund - stutt Hvíld
12:00-13:00	Teig Hádegismat Syngja í matsalurinn (róleg stund)	Holt Undirbúning	Hlíð Undirbúning	Tún Hádegismat Syngja í matsalurinn (róleg stund)	Dalur Hádegismat Syngja í matsalurinn (róleg stund)



13:00-14:00	Dalur • Hvíld • Tónlistarstund	Einkatíma í tónlist	Undirbúning	Teig • Hvíld • Einbeitingu með tónlist	Tún • Hreyfing/leikfimi • Með tónlist
14:00-15:00	Dalur • Tónlistarstund	Einkatíma í tónlist	Undirbúning	Teig • Hreyfing/leikfimi	Tún • Hvíld • Einbeitingu með tónlist
15:00-16:00	Dalur • Tónlistarstund • Útvera • Samvera	Hlið • Tónlistarstund • Útvera • Samvera	Holt • Tónlistarstund • Útvera • Samvera	Teig • Tónlistarstund • Útvera • Samvera	Tún • Tónlistarstund • Útvera • Samvera
Holtasóley af Klömburum - Kór					
Börn sem vilja taka þátt - reynum að hafa þetta sem val?					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					



Starfsáætlun 2024 – 2025 Leikskólinn Klambrar

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

- Eyvindur Elí Albertsson
- Guðlaug Jóna Karlsdóttir
- Herdís Helga Arnalds
- Sverrir Norland



10.1 Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



10.2 Umsögn Foreldraráðs 2024

Foreldraráðið er heilt yfir mjög ánægt með leikskólastarfið á Klömburum. Jákvæð samskipti barnanna og sjálfstraust þeirra er eftt með samspili þeirra þátta sem leikskólinn hefur að leiðarljósi. Að auki spila aðrir þættir, svo sem samskipti milli kennara, vinaverkefnið Blær og uppbyggingarstefnan Uppeldi til ábyrgðar stóran þátt.

Mjög flott starf hefur verið unnið á Klömburum hvað varðar tónlist og söng og telur foreldraráðið mikilvægt að halda áfram að byggja á þeim flotta grunni sem búið er að vinna. Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur undirstrika þetta.

Foreldraráði þykir leitt að verkefnið “aukin áhersla á eldri börnin: elstu börnin fái fleiri námstækifæri” sem miðaði að því að veita elstu börnunum fleiri námstækifæri verði lagt niður næsta ár vegna aðstöðumála og þess hve stór hópurinn verður. Ráðið leggur til að skoðuð verði hvort önnur leið hvað varðar aðstöðu verði skoðuð í samstarfi við Reykjavíkurborg enda hafi verkefnið gengið ágætlega og undirbúið nemendur fyrir áframhaldandi skólagöngu.

Að lokum þykir foreldraráði jákvætt hversu óhræddir stjórnendur leikskólans eru að prófa nýjar leiðir í stjórnun starfs út frá fenginni reynslu og sýn á starfinu, m.a. með nýrri útfærslu á sumarfríi barna árið 2024 þar sem markmiðið er m.a. að hefja aðlögun nýrra barna fyrr.

F. h. leikskólans Klambra

Anna Björk Marteinsdóttir

10.06.2024

Leikskólastjóri

Dagsetning



